

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðunum Smárahvammi, Fífuhvammi, Vatnsenda, Gunnarshólma, Geirlandi (Miðmundarmýri).

Ennfremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri, Seli, Selfjallaskála, Núpstúni. lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. 1. nóvember 1963.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R ð**um gatnagerðargjöld við byggðar götur á Stöðvarfirði.****1. gr.**

Húseigendur á Stöðvarfirði S.-Múlasýslu, skulu greiða gatnagerðargjöld til sveitar-sjóð Stöðvarhrepps fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, B-gjald.

Við álagningu þessara gatnagerðargjalda skal nota eftirfarandi einingartölur:

1. Einbýlishús að 400 m ³ m./bifreiðageymslu	kr. 250 000
2. Parhús að 400 m ³	— 200 000
3. Íbúðarhús m./allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m ³	— 160 000
4. Ræðhús á tveim hæðum að 400 m ³	— 120 000
5. Fjölbýlishús m./allt að 8 íbúðum á tveim hæðum að 300 m ³ ..	— 100 000
6. Fjölbýlishús m./fleiri en 8 íbúðir á þrem hæðum að 300 m ³	— 70 000
7. Verslunar- og skrifstofuhús pr. m ³	— 400
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m ³	— 300
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum pr. m ³	— 400
10. Útibús og vélageymslur pr. m ³	— 200
11. Viðbyggingar við eldri hús, ef húsið m./viðbyggingu verður meira en 400 m ³ pr. m ³	— 400
12. Lóðarhafar greiða pr. m ² lóðar	— 80
13. Lagningu slitlags á bifreiðastæði og gangstíga innan lóðar-marka greiða eigendur sjálfir	
14. Allar framangreindar einingartölur miðast við byggingavísitölu 1. ágúst 1977.	